



Allsherjarnefnd Alþingis  
b.t. Hildar Njarðvík nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 127/817*  
*komudagur 20.2.2002*

Reykjavík 18. febrúar 2002  
SG/gh

**Varðar frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993.**

Með frumvarpinu eru lögð til nýmæli að því er lýtur að dreifingu ösku látinna. Þau eru mjög til bóta, ekki hvað síst ákvæðið um að unnt sé að dreifa ösku á ótilgreindum stöðum í náttúrunni. Nokkuð hefur borið á því að fólk hefur spurst fyrir um það hjá embætti landlæknis hvernig reglum þessum er háttað þannig að vísbendingar eru um vaxandi óskir um aðra meðhöndlun ösku en að koma henni fyrir í kirkjugarði. Því er lagt til að frumvarpið verði samþykkt.

Með kveðju,

  
y.g. Sigurður Guðmundsson  
landlæknir